

Viltu læra á hljóðfæri eða syngja?

Í Tónlistarskóla Árneseinga má læra á næstum öll hljóðfæri sem hugsast getur og taka um leið þátt í alls konar hljómsveitum, samspilshópum og kórum.

Hér á heimsíðunni okkar www.tonar.is, má sjá nánari upplýsingar um öll hljóðfærin undir flípanum [NÁMSFRAMBOÐ](#) og skoða líka námsleiðir.

Suzukinám er ætlað yngstu nemendum **3 – 5 ára**. Þar er í boði: fiðla, víola og selló, blokkflauta, gítar og píanó.

- Hóptímar eru reglulegur þáttur frá upphafi náms.
- Nemendur fá hæfilega stór strokhljóðfæri leigð hjá skólanum, en önnur hljóðfæri kaupa nemendur í samráði við kennara.



Klassískt nám er ætlað nemendum **6 ára og eldri**. Þar eru í boði fjöldi hljóðfæra, þ.e. alls konar málm- og trúblásturshljóðfæri, strokhljóðfæri, hljómborðshljóðfæri, klassískur gítar og einsöngur.

- Um leið og geta leyfir taka nemendur þátt í samspili og hljómsveitum.
- Nemendur geta fengið leigð bæði blásturs- og strokhljóðfæri hjá skólanum.



Rytmískt nám er ætlað nemendum **8/9 ára og eldri**. Hljóðfærin eru frekar stór og þung og getur stærð nemenda því skipt máli. Í boði eru: rafgítar, rafbassi, píanó og trommur. Að auki býðst nemendum sem lokið hafa grunnprófi, nám á rytmíska fiðlu, víólu og selló.

- Nemendur taka þátt í hljómsveitum frá upphafi náms, enda samspil þungamiðjan í rytmíska náminu.



Söngfuglar eru ætlaðir nemendum sem eru **9 – 15 ára**. Í tímunum syngja nemendur bæði í hópi og sem einsöngvarar og fá þjálfun í raddbeitingu um leið.



Viltu sækja um skólavist?

Ef þið viljið sækja um nám, smellið á hnappinn [UMSÓKN UM SKÓLAVIST](#) hér efst á heimsíðunni og fyllið út allar umbeðnar upplýsingar.

- Þeir sem komast að í fyrstu umferð á haustin fá póst frá tónlistarskólanum í ágúst,
- þeir sem komast að síðar fá póst eða símtal frá skólanum.

Nánari upplýsingar finnið þið á heimasíðu Tónlistarskóla Árnesinga: www.tonar.is, með því að hringja í okkur í síma 482 1717, eða með því að senda fyrirspurn á tonar@tonar.is